

Lög

um

Nr. 14.
9.
júli.

heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankavaxtabrjef
Landsbankans.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt skal landsstjórninni að kaupa af Landsbankanum fyrir landssjóðs
hönd bankavaxtabrjef fyrir alt að 2 miljónum króna.

2. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að taka lán fyrir landssjóðs hönd alt að
2 miljónum króna og fari vextir eigi fram úr $4\frac{1}{2}$ % og afborgist á 30 árum. Og skal
láninu varið til að kaupa bankavaxtabrjef samkvæmt 1. gr., og fer kaupverðið eftir
lánskjörunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 9. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Nr. 14.

9.

Juli.

Bemyndigelse for Regeringen til Køb af Landsbankens Bankobligationer.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Regeringen bemyndiges til paa Landskassens Vegne at afkøbe Landsbankens Bankobligationer til et Beløb af indtil 2 Mill. Kr.

§ 2.

Endvidere bemyndiges Regeringen til paa Landskassens Vegne at optage Laan indtil 2 Mill. Kr., der forrentes med ikke over 4½ pCt. og afdrages i Løbet af 30 Aar Laanet skal anvendes til Køb af Bankobligationer ifølge § 1, hvis Indkøbspris skal rette sig efter Laanevilkaarene.

§ 3.

Denne Lov træder i Kraft samme Dag som den stadfæstes.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 9. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe.

kst.